



Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar,
b.t. félagsmálastjóra,
Stjórnsýsluhúsinu,
400 Ísafirði.

Efni: Umsókn um rekstrarstyrk fyrir 2018

Á undanförnum árum hefur aðsókn að dvöl í Kvennaathvarfinu aukist mjög mikið og er nú svo komið að mikil brengslí eru jafnan í húsinu og mikil þörf orðin á að kaupa eða byggja nýtt hús fyrir starfsemina. Ákveðið hefur þó verið að láta það hafa forgang að byggja litlar íbúðir, sem hugsaðar væru sem einskonar áfangaheimili fyrir dvalarkonur þegar dvöl þeirra í athvarfinu lýkur. Ætlunin er að konurnar fengju þar tímabundna leigu á vægu verði, en jafnframt myndu þær vera í nánum tengslum við kvennaathvarfið. Fram fór mikil söfnun til styrktar þessu mállefni undir merkinu: **A allra vörum.** Þjóðin brást mjög vel við þessu ákalli og söfnuðust næri 80 milljónir króna, sem munu renna óskiptar til þessa verkefnis.

Þörfin fyrir þá aðstoð sem veitt er í Kvennaathvarfinu hefur aldrei verið augljósari en nú, en eins og fyrr er það markmiðið að veita skjól fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum verður þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis annars heimilismanns. Auk þess er boðið upp á stuðningsviðtöl fyrir konur sem þurfa ekki að yfirgefa heimili sín vegna ofbeldis, en þarfast aðstoðar við að ráða fram úr málum sínum.

Vegna aukinnar aðsóknar í athvarfið hefur þurft að fjölga starfsfólk og og reynt að auka fjölbreytni í þjónustu nokkuð, t.d. hefur verið ráðinn lögfræðingur í hlutastarf til að aðstoða konur við að ráða fram úr málum sínum.

Í ljósi þessa er hér með farið fram á við ykkur að Kvennaathvarfinu verði veittur rekstrarstyrkur fyrir komandi staðsár að fjárhæð **Kr. 400.000,-**

Ef óskað er nánari upplýsinga um fjáreiður eða starfsemi samtakanna að öðru leyti, er undirrituð reiðubúin að veita þær.

F.h. Samtaka um kvennaathvarf,

Þorlaug R. Jónsdóttir
(thorlaugj@gmail.com)